

Föstudaginn 20. febrúar 1981.

Nr. 51/1981. Ákærvaldið

gegn

Péttri Blöndal Gíslasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. febrúar 1981, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Ekki verður á það fallist með héraðsdómara, að rannsókn málsins sé enn á frumstigi. Hins vegar þykir mega fallast á það, að enn sé ýmislegt órannsakað og að óhjákvæmilegt sé vegna rannsóknarnauðsynja að framlengja gæsluvarðhald kærða nú. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

15. febrúar 1981.

Ár 1981, sunnudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, er háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

I. MÁLSATVIK.

A. Þann 16. janúar sl. voru handteknir hér í borg tveir piltar grunaðir um innflutning og dreifingu fíkniefna hérlandis. Þeir eru Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, og Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957, en þeir hafa ítrekað orðið uppvísir að fíkniefnamisferli.

Ofangreindir aðiljar reka í félagi umboðsskrifstofu fyrir hljóðm-

sveitir og skemmtikrafta í íbúð nefnds Bjarna að Hverfisgötu 106 A hér í borg. Hefur umboðsskrifstofan til umráða eitt herbergi í nefndri íbúð.

Við leitir að sakargögnum, er fram fóru í nefndri íbúð 16. og 22. janúar sl., fundust fíkniefni, og verður hér getið þeirra helstu:

a) Á heimili Bjarna Harðarsonar:

1) 1/2 gr ætlað amfetamínduft.

2) Hassolía ætluð, vegin í umbúðum, nánar plasttappa, 2.7 gr.

Bjarni kannaðist við ofangreind efni sem sína eign og kvaðst hafa keypt hassolíuna kvöldið fyrir handtöku af Pétri Blöndal á gkr. 30.000, en enn ekki hafa greitt Pétri. Hafi viðskiptin farið fram á nefndri umboðsskrifstofu.

b) Fíkniefni, fundin á umboðsskrifstofu margnefndri:

1) Ætluð hassolía í 6 stk. plasttöppum, vegin í umbúðum, alls 14.1 gr.

2) Ætluð hassolía í plastfilmu, vegin í umbúðum, alls 4.9 gr.

3) Ætlað amfetamínduft, pakkað í strikað bréfsefni, vegið í umbúðum, 1.3 gr, fannst falið í skrifborðsfæti.

Nefndur Bjarni, er viðstaddur var leitina, hefur staðfastlega neitað að hafa vitað um tilvist ofangreindra fíkniefna á skrifstofunni.

Ofangreindur Pétur Blöndal neitaði öllum afskiptum af fíkniefnum og var í þágu rannsóknar máls þessa og hér í dómi þann 16. janúar sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum. Pétur hefur margítrekað verið yfirheyrður hjá lögreglu og eins hér í dómi, en neitar öllum sökum. Varðandi fíkniefni þau, er fundust í nefndri skrifstofu, þá kveðst Pétur ekki hafa vitað um tilvist þeirra, en kveðst ekki telja öðrum til að dreifa þau varðandi en sér og nefndum Bjarna.

B. Nefndur Pétur er borinn alvarlegum sökum sem innflutnings- og dreifiaðili fíkniefna og nánar sem hér segir:

1. Valdimar Óli Þorsteinsson, fæddur 5. desember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu 8. og 15. janúar sl. og lýsti innflutningi sínum á 240 gr af hassolíu í nóvember 1979 og fundi sínum með nefndum Pétri á veitingastað í Reykjavík fyrir milligöngu og í viðurvist kunningja síns, Guðgeirs Sigmundssonar. Hafi svo umsamist, að Pétur annaðist sölu á hluta hassolíunnar og Pétur við þetta tækifæri afhent sér greiðslu fyrir hassolíu, er nefndur Guðgeir hafi þegar afhent Pétri. Kvað Valdimar nefndan Guðgeir hafa annast geymslu hassolíunnar fyrir sig, afhendingu um 70 gr hennar til Péturs og innheimtu söluverðs.

Nefndur Valdimar staðfesti ofangreint hér í dómi 11. febr. sl. og var þá samprófaður við Pétur Blöndal. Lýsti Pétur því þá yfir, að Valdimar bæri sig röngum sökum og kvaðst aldrei hafa hitt hann eða séð áður.

2. Ofangreindur Guðgeir Sigmundsson, fæddur 2. september 1957, lýsti við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 8. og 15. janúar sl. afhendingu 140 gr af hassolíu í eigu Valdimars Óla til Péturs Blöndal og atvikum nákvæmlega það varðandi, ofangreindu móti á veitingahúsi og þætti Bjarna Harðarsonar.

Nefndur Guðgeir staðfesti ofangreint hér í dómi 11. febrúar sl. og var þá samprófaður við Pétur Blöndal. Pétur lýsti því yfir, að hann þekkti Guðgeir, en kvað hann bera á sig upplognar sakir.

3. Ofangreindur Bjarni Harðarson var úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum í þágu rannsóknar máls þessa hér í dómi þann 17. janúar sl., en það hefur tvívegis verið framlengt og síðast í gær um allt að 10 dögum. Nefndur Bjarni hefur viðurkennt sakir og lýst aðild nefnds Péturs að nánar tilteknum fíkniefnaviðskiptum sínum, er nú verður vikið að:

a) Bjarni lýsir á sama veg og nefndur Guðgeir aðdraganda þess, að Pétur tók að sér sölu á hassolíu fyrir Guðgeir, og kvaðst sjálfur hafa keypt 70 gr af nefndri olíu af Pétri.

b) Bjarni kveðst í júlí sl. ásamt Pétri hafa haldið í bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn til Amsterdam, en þar hafi þeir keypt 1 kg af tyrknesku hassi, er þeir hafi flutt með sér til Kaupmannahafnar. Þaðan hafi og hingað til lands flutt ofangreint hasskíló danskur kunningi Péturs, Sören að nafni, og hann í sinn hlut fengið 100 gr fyrir flutning. Bjarni taldist eiga 350 gr, en Pétur afgang. Bjarni kvaðst hafa annast sölu á 250 gr af efnishlut Péturs, en ekki vita um ráðstöfun hans á sínum efnishlut að öðru leyti.

Pétur hefur aðspurður neitað fíkniefnaviðskiptum við nefndan Sören, er hann kveður vera góðan kunningja sinn og hafa komið með sér hingað til lands í júlí sl. Hefur Pétur viðurkennt að hafa komið undir fölsku nafni í greint sinn.

c) Bjarni kveðst að kvöldi 15. jan. sl. hafa keypt 1 gr af hassolíu af Pétri á nefndri umboðsskrifstofu, en kveðst hafa vissu fyrir, að Pétur hafi keypt hassolíu frá Runólfi Þór Jónssyni, og séu því fíkniefni þau, sem fundust á nefndri skrifstofu, eign Péturs. Kveður hann Runólf og Pétur umgangast mikið hvorn annan. Bjarni hefur einnig borið um neyslu á kókaini frá Runólfi ásamt Pétri og nafngreindum hljómlistarmönnum.

4. Pétur Blöndal er þess utan af nokkrum nafngreindum aðiljum borinn sökum um sölu fíkniefna, bæði svonefndra kannabisefna og amfetamínu. Þá koma fram í tékkhefti Péturs upplýsingar, er benda til fjármunaviðskipta við Runólf Þór Jónsson, en hann sætir nú gæsluvarðhaldi, grunaður um innflutning og dreifingu ýmiss konar fíkniefna.

II. NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er Pétur Blöndal Gíslason borinn sökum um verulegt fíkniefnamisferli af fjölmörgum aðiljum, en Pétur hefur neitað öllum sökum og í samprófunum lýst því yfir, að bornar séu á sig rangar sakir. Þá hefur Pétur síðustu daga neitað að tjá sig. Ekki hefur náðst að yfirheyra alla þá, sem við málið eru riðnir, og í öðrum tilvikum samprófun ekki talin tímabær. Mjög margir aðiljar eru við þetta mál riðnir, og sæta nú 5 aðiljar gæsluvarðhaldi, en rannsókn að öðru leyti reynst tafsöm. Lögreglufirvöld í Kaupmannahöfn hafa verið beðin að annast yfirheyrslur yfir ofangreindum Sören, og samkvæmt síðustu upplýsingum má vænta niðurstöðu á morgun. Nefndur Pétur hefur ítrekað komið við sögu í fíkniefnarannsóknum samkvæmt gögnum þessa embættis. Samkvæmt ofansögðu er ljóst, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli Péturs ofangreinds er enn á frumstigi og eftir að yfirheyra fjölmarga aðilja og samprófa. Telja verður, að hér séu í húfi brýnir rannsóknarhagsmunir, enda grunur um dreifingu bæði svonefnds kannabisefna og amfetamínu. Þykir því óhjákvæmilegt vegna rannsóknarhagsmuna að framlengja gæsluvarðhald nefnds Péturs, svo hann nái ekki að torvelda eða tefja rannsókn máls þessa.

Verið er að rannsaka ætluð brot Péturs Blöndal Gíslasonar og fleiri aðilja gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds, en af hálfu fíkniefnadeildar lögreglu í Reykjavík er gerð krafa um slíkt.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa nauðsyn til bera að gera nefndum Pétri Blöndal Gíslasyni að sæta enn gæsluvarðhaldi, en afmarkað gæsluvarðhald, er hann nú sætir, rennur út á miðnætti í kvöld. Þykir hæfilegt að framlengja gæsluvarðhald hans um allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, til heimilis að Dreka­vogi 10 hér í borg, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1981.

Nr. 140/1978. **Guðbjörn Sævar**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Sigríði Ingibjörgu Emilsdóttur

Erlu Emilsdóttur og

Guðrúnu Emilsdóttur

og gagnsök

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fasteign. Leigusamningur. Skaðabætur. Áfrýjun. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Björn Sveinbjörns­son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. ágúst 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og að fjárnám það, sem fram fór 17. mars 1978, verði úr gildi fellt. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 4. september 1978. Krefjast þær þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim 5.675.00 krónur (nýkr.) með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi